

Hugleiðing
um
lúxux í fangelsum og afstæði tímans
flutt við formlega opnun Fangelsisins Akureyri 7. ágúst 2008

Erlendur S. Baldursson
afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun ríkisins

— — —

Hæstvirtur dómsmálaráðherra, aðrir góðir gestir

Það þykir eðlilega fréttnæmt þegar nýtt eða nýuppgert fangelsi er tekið í notkun. Í október sl. lauk fyrsta áfanga dómsmálaráðuneytis og fangelsismálastofnunar um endurnýjun og nýbyggingar fangelsa þegar ný Kvíabryggja var formlega opnuð.

Þá voru fyrstu fangarnir vistaðir í nýuppggerðu fangelsi hér á Akureyri í apríl á þessu ári.

Fjölmiðlar sýndu þessum atburðum nokkurn áhuga og m.a. var fréttastofa sjónvarps mjög upptekin af aðbúnaði fanga og starfsfólks í Fangelsinu á Akureyri og rætt var við varðstjórann. Fréttamaðurinn tíundaði rækilega hve vistlegir klefar fanga voru orðnir, nýtt eldhús var komið með tilheyrandi tækjum, myndir voru sýndar af nýjum flatskjám og þess m.a. getið að sturta og salerni væru í hverjum klefa. Varðstjórinn lenti í varnarstöðu fyrir vinnustað sinn, fangelsið sem hann var greinilega stoltur af.

Umfjöllunin var öll í þá áttina að hér væri verið að gera afbrotamönnum ansi hátt undir höfði og er þetta umræða sem oft fer í gang ekki síst þegar ný fangelsi eru tekin í notkun. Hugtök eins og lúxushótel heyrast gjarnan nefnd, þó að sjálfsögðu mest hjá þeim sem minnst til þekkja. En er hægt að tala um lúxus í fangelsi? Ég held varla.

Í upphafi ber að geta þess að væntanlega eru allar nýjar byggingar vistlegar að því leytinu til að þar er jú allt nýtt. Fáum dettur í hug að setja upp gömul og úrelt hreinlætistæki, húsgögn eða annað það sem talið er eðlilegt að menn hafi til afnota bæði í fangelsum og öðrum stofnunum.

Í lokuðum fangelsum eru fangar læstir inni á klefum sínum kl. 22.00 og eru klefar opnaðir aftur að morgni. Í því felst vissulega mikill sparnaður í mannahaldi að þurfa ekki að hafa sérstakan fangavörð til þess að hleypa mönnum á salerni. Þeir sem ekki þekkja til gera sér heldur ekki grein fyrir þeirri niðurlægingu sem fólgin er í því að þurfa oft á sólarhring að biðja fangavörð um að fá að fara á klósett eða þvo sér. Ennþá er þetta staðreynd bæði í Kópavogsfangelsinu og Hegningarhúsinu þó svo að annars megi ýmislegt gott um starfsemi þessara stofnana segja og unnið er að því nú að ný fangelsi leysi þessi tvö af hólmi.

Lúxus er væntanlega eitthvað sérstaklega gott eða fallegt sem við veitum okkur og er ástand sem við gjarnan viljum að standi sem lengst. Þeir sem eru lokaðir inni hugsa yfirleitt mun meira um það sem óhjákvæmilega hefur verið frá þeim tekið heldur en það sem til staðar er í fangelsinu sjálfu. Þeir vildu sjálfsagt allir gefa ýmislegt eftir af ytri aðbúnaði og fá í staðinn meira frelsi og aukin samskipti við sína nánustu.

Þar að auki vilja þeir nær undantekningarlaust losna sem fyrst frá öllum lúxusnum. Ekkert síður þeir sem minnstan lúxus hafa við að búa þegar út kemur.

Að sjálfsögðu má spyrja sig að því hvernig við viljum búa að þeim sem hafa verið dæmdir til fangelsisrefsingar með tilheyrandi frelsissviptingu. Þær raddir heyrast oft að þessir menn eigi ekkert gott skilið og vissulega hafa þeir gerst sekir um afbrot, sumir hverjir um mjög alvarleg afbrot. Margir

eiga líka um sárt að binda vegna gerða þessara manna. Það ber ávallt að hafa í huga í þessari umræðu. Á móti kemur að margir þeirra hafa líka sjálfir alist upp við harðar og óeðlilegar aðstæður, sumir verið misnotaðir og snemma fengið að kenna á hörku og niðurlægingu. Lengi býr að fyrstu gerð.

Allir sem til þekkja vita að frelsissviptingin ein og sér hefur gríðarleg áhrif á þá sem fyrir henni verða og í raun miklu fleiri en gerst hafa brotlegir. Þeir sem eiga nákominn ættingja eða maka sem afplánað hefur refsingu í fangelsi vita vel hvað ég á hér við.

Það er hins vegar jafn ljóst að fangar koma aftur til baka út í samfélagið og væntanlega er það öllum fyrir bestu að þeir komi þangað með sem bestu hugarfari og falli ekki í sama farið aftur.

Ég get nefnt það hér að fyrstu vísbendingar úr norrænni samanburðarrannsókn um endurkomur í fangelsi sem við hjá fangelsismálastofnun tókum þátt í virðast benda til þess að Ísland komi vel út í samanburði við flestar hinar Norðurlandþjóðirnar.

Sagt hefur verið: ”Sýndu mér fangelsin þín og ég skal segja þér hver þú ert”. Í stuttu máli sagt þýðir þetta að læra meg heilmikið um sérhvert þjóðfélag með því að skoða hverja það hefur í fangelsi og hvernig farið er með þá þar. Ef afbrotafræðingi væri komið fyrir í fangelsi einhvers staðar í heiminum, án þess að hann vissi í hvaða landi, þá gæti hann lýst því sama þjóðfélagi býsna vel eingöngu með því að kanna fangasamsetninguna og aðbúnaðinn í fangelsinu. Hér má nefna tvö dæmi:

Bandaríkin eru með um 800 fanga per 100.000 íbúa en Ísland rúmlega 40. Bandaríkin eru því hlutfallslega með um 20 sinnum fleiri fanga en Ísland. Dómar eru þar mun lengri og harðar brugðist við brotum. Litaðir fangar eru hlutfallslega mun fleiri en hvítir. Sum fylki loka menn inni ævilangt fyrir

þriðja brot, þó lítið sé. Margir telja að stjórnvöld þar í landi séu komin í öngstræti í sambandi við fjölda fanga. Stöðugt eru byggð ný fangelsi og fleiri hrúgað inn í þau sem fyrir eru. Margir eru einnig teknir af lífi í sumum fylkjum á hverju ári. Deilt er um hvort slík refsiharka dugi eitthvað í baráttunni gegn afbrotum. Margir fræðimenn á þessu sviði eru á því að svo sé ekki, sumir telja reyndar að þetta sé góð aðferð til þess að búa til afbrotamenn.

Í Sovétríkjunum sálugu voru stórir hópar manna lokaðir inni fyrir pólitískar skoðanir sína eða fyrir einhver brot gegn ríki eða flokki. Fangafjöldinn var einnig gríðarlega hár og margir þeirra saklausir. Í Rússlandi dagsins í dag slagar fangafjöldinn hátt í það sem er í USA.

Sýndu mér fangana þína og ég skal segja þér hver þú ert.

Ekki er meiningin hér að kveða upp einhvern allsherjardóm yfir refsipólitík Bandaríkjamanna og Rússa, ég vona þó heilshugar að aldrei verði reynt að fara þær leiðir hér á landi sem þessi ríki hafa fetað í baráttunni gegn afbrotum. Aðrar leiðir eru bæði ódýrari og vænlegri til árangurs fyrir borgarana.

Gunnar Dahl heimspekingur segir í gamalli grein eitthvað á þá leið að réttlæti, þar sem auga fyrir auga og tönn fyrir tönn sé í gildi, gangi ekki upp. Er maður sem tönn er slegin úr bættari fyrir það þó að tönn sé einnig slegin úr árásarmanninum? Að sjálfsögðu er það hefnd en það eina sem við í raun sitjum uppi með eftir slíkt réttlæti, segir Gunnar, eru tvær brotnar tennur í stað einnar. Nær væri að leggja aðaláhersluna á það reyna að bæta þeim sem tönnina missti skaðann. Vissulega hefur réttarkerfið hér á landi og víða annars staðar færst nokkuð í þessa áttina en ekki verður fjallað nánar um það hér.

Á Norðurlöndunum, sem um margt eru lík að þjóðfélagsgerð, eru fangelsin einnig lík innbyrðis og er aðbúnaður fanga yfirleitt góður en samtímis reynt að gæta fyllsta öryggis. Almenn séð held ég líka að Norðurlöndin séu talin nokkuð öruggur staður til að búa á þó að vissulega séu til undantekningar.

Sagt hefur verið að sérhvert þjóðfélag hafi þau afbrot sem það á skilið.

Þeir sem mest hafa gagnrýnt mikla notkun fangelsa hafa sagt að fangelsi séu dýr aðferð til þess að gera vonða menn verri. Vissulega eru fangelsi dýr og nokkuð kann að vera til í þessu, einkum þegar horft er til landa þar sem fangafjöldi er mjög hár eins og í dæmunum hér á undan.

Ísland hefur ávallt verið með hvað lægstan fangafjölda þeirra ríkja sem við berum okkur saman við. Tölfræði Evrópuráðsríkjanna á þessu sviði sýnir þetta svart á hvítu. Norðurlöndin eru með hlutfallslega mjög fáa fanga í þessum samanburði en athyglisvert er að fangafjöldi þar er samt 40-50% hærri en hér á Íslandi. Mér sýnist líklegasta skýringin vera sú helst að hér er skilorðsbundnum dómum beitt í ríkara mæli en einnig höfum við verið framarlega í því að finna ný refsíúrræði í stað óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga. Hér má nefna samfélagsþjónustu, áfengis- og vímuefnaaðferð og afplánun á Áfangaheimili Verndar.

Í fangelsunum sjálfum höfum við reynt að gefa föngum kost á að bæta ráð sitt og nota tímann til uppbyggilegra hluta. Vissulega er þar unnið gott starf af stjórnendum og fangavörðum, kennurum, heilbrigðisstarfsfólki og fagfólki á sviði ýmiss konar meðferðar og námskeiða. Lögð hefur verið áhersla á það að reyna að fá fagaðila utan fangelsisgeirans til samstarfs um málefni fanga.

Þegar endurnýja á fangelsi höfum við reynt að fremsta megni að hafa ofangreint í huga þannig að ekki væri bara um að ræða ný hús og ný húsgögn. Meiri áhersla hefur verið lögð á frískan blæ og aga en einnig fleiri möguleika fyrir fanga til að sjá um sig sjálfir. Hér má t.d. nefna að í þremur fangelsum í dag sjá fangar að verulegu leyti um matseld sjálfir. Hvers vegna í ósköpunum á að elda ofan í fullorðna menn sem þar að auki hafa nógan tíma til þess að gera það sjálfir? Reynslan sýnir líka smám saman að með hæfilegri aðstoð og hvatningu frá starfsfólki þá gengur eldamennskan mjög vel. Á Akureyri og Litla-Hrauni fá fangar ákveðna upphæð til matarkaupa og verða að ná endum saman eins og aðrir.

Aðstæður starfsfólks hafa verið bættar og því gert hægara um vik með að sinna starfi sínu og halda uppi nauðsynlegum aga í fangelsunum.

Allt starf í fangelsunum verður að miða að því að fanginn muni eftir lengri eða skemmri tíma losna út aftur.

Menn greinir á um hversu þungir eða langir refsíðómar eigi að vera fyrir hin ýmsu afbrot. Ekki skal farið nánar út í þá sálma hér. Hins vegar skal á það bent að hugtakið tími hefur yfirleitt allt aðra merkingu fyrir fanga almennt heldur en okkur hin. Allir gera sér grein fyrir því að tíminn getur verið mislengi að líða, fáir vita hins vegar hversu lengi hann er að líða í fangelsinu. Þegar því er haldið fram að einhverjir mánuðir eða ár sé ekki nærri nógu langur tími sem refsing fyrir þetta eða hitt brotið þá held ég að menn geri sér ekki alltaf grein fyrir hversu lengi tíminn er að líða hjá fanganum í fangelsinu.

Fangar hafa oft bent mér að það að einn klukkutími geti virst sem heil eilífi í fangaklefanum hvað þá heil vika, mánuður eða ár.

Við vitum öll hvað 100 metrar er löng vegalengd, við vitum líka hvað við fáum fyrir hundrað krónur en við vitum fæst hversu lengi 100 dagar eru að líða í fangelsi.

Hvað sem um þetta má segja þá held ég að ljóst sé að við getum ekki losað okkur við ákveðin vandamál með því að beita stöðugt þyngri refsingum og fleiri fangelsum. Samfélagið þarf vissulega á fangelsunum að halda sem síðasta hlekknum í refsivörslukerfinu. Þau verða að vera þannig útbúin að þau geti gegnt því hlutverki sínu að skapa samfélagslegt öryggi og þar þarf að vera agi og regla. En einnig og ekki síður gegna þau því hlutverki að vera heimili manna til lengri eða skemmri tíma. Því betra og agaðra sem það heimili er þeim mun meiri líkur eru á því að vel takist til.

Þegar endurbætt Kvíabryggja var formlega tekin í notkun þann 3. október 2007 sagði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra að markmið okkar sem bærum ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fangelsa væri ekki að byggja meira til þess að geta tekið á móti fleiri füngum - markmið okkar væri að finna leiðir til þess að fækka þeim sem refsað er á þennan hátt.

Undir þessi orð skal heilshugar tekið hér. Að því ber að stefna.

7. ágúst 2008

Erlendur S. Baldursson